

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 104/1994.

Samskip hf.

(Jónas Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Brjótí sf.

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1994. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var flutt fyrir Hæstarétti um formhlið þess 3. febrúar 1995. Báðir aðilar kröfðust þess, að það yrði tekið til efnislegrar meðferðar, en kröfðust ekki málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 16. desember 1993. Það var endurupptekið 17. febrúar 1994, og var þá eftirfarandi bókað: „Lögmenn aðila telja ekki þörf á endurflutningi málsins með vísan til 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 og er nú kveðinn upp í því svohljóðandi dómur: . . .“ Í héraðsdómi er sagt, að dráttur á dómsuppsögu hafi orðið vegna embættisanna dómenda.

Samkvæmt framansöguðu var málið endurupptekið og dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er níu vikur voru liðnar frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings, og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. nágildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið

kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dóm-
töku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það
óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur
fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri
ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt verklagi, er svipi mjög
til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur
mótað þá dómvenju um langt árabil, að héraðsdómar hafa einlægt
verið ómerktir, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um,
að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram
fjórar vikur frá dómstöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta
takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt
að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að
réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur
frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því
gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa
málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að
nýju.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað
heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að
nýju.
